

1872.

7. nóvbr.

rèttarbann á, að Þórarinn prestur Erlendsson og kaupmaður Túliníus noti námið með nokkru móti, þangað til búið er að koma sèr saman um reglulega aðferð við afnot námans. Jafnframt þessu mælumst vèr til, að þèr leitið til samninga við Þórarinn prest Erlendsson um rekstur námans eptirleidis, samkvæmt þeim aðalatriðum, sem háskólakennari *Johnstrup* hefir bent á, og að þèr við tækifæri reynið til að fá vitneskju um, hvort Þórarinn prestur Erlendsson sè fús til þess að bregða sameigninni og með hvaða skilmálum.

Um leið og vèr að endingu mælumst til, að þèr bjóðið hlutaðeiganda sýslumanni að hafa umsjón með, að enginn brjóti úr námanum með ólöglegu móti, hvorki innlendir nè útlendir menn, og gjörið ráðstafanir til að láta hylja námann með mól, eins og háskólakennari *Johnstrup* hefir sagt fyrir, búumst vèr við að fá skýrslu frá yður um ráðstafanir þær, sem þèr gjörið í þessu skyni.

110. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heimtingu brennivínsgjalds.

7. nóvbr.

Útaf því að sýslumaðurinn í Árnessýslu, Þorsteinn kansallíráð Jóhnsen hefir mælt til, að fyrrum sýslumaður Þórður Guðmundsson, sem býr nálægt Eyrarbakka verzlunarstað, — en sýslumaður sjálfur hefir heimili sitt nokkurra stunda ferð þaðan — verði settur af amtinu til þess að hafa umsjón fyrir hönd sýslumanns með heimtingu gjalds þess á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem fyrir er mælt um í tilsk. 26. febr. þ. á., og að veita megi honum í líkingu við það, sem ákveðið er í opnu brèfi 28. desbr. 1836, helminginn af innheimtulaunum þeim, sem í tilsk. 26. febr. þ. á. eru lögð til sýslumanns, án þess þó að dregið verði nokkuð af sýslumanni í innheimtulaunum þeim, sem honum eru ætluð og sem eru 2 % af gjaldinu, sem heimt er

1872.

7. nóvbr.

saman, hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 13. septbr. þ. á. borið undir úrskurð stjórnarráðsins:

1) hvort fela meg, þegar svo standi á, að lögreglustjórinn búi ekki á verzlunarstaðnum eða í grennd við hann, áreiðanlegum og óvilhðillum manni þar, sem hlutaðeigandi amtmaður skipar til þess, á hendur, að heimta tæð gjald saman, í líkingu við það, sem fyrir er mælt í opnu bréfi 28. desbr. 1836, 9. gr., um tilsjón með skipaskjöllum, eða þá:

2) hvort lögreglustjóri hafi heimild til að veita manni, sem antið hefir sett til þess að rita á skipaskjöl, umboð til að framkvæma störf þau, sem eru samfara heimtingu gjaldsins, á sína ábyrgð.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að það verður að vera komið undir hlutaðeiganda lögreglustjóra sjálfum, að sjá um, að maður, sem hann hefir gefið umboð til þess, í forföllum hans geti heimtað saman gjaldið á hans ábyrgð og hans kostnað, og framkvæmt störf þau, sem þessu eru samfara, og að ekkert er því til fyrirstöðu, að þetta umboð sé með nefndum skilyrðum veitt þeim manni, sem antið hefir sett, samkvæmt opnu bréfi 28. desbr. 1836, til þess að rita á skipaskjölin¹.

7. nóvbr.

111. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ríkisskuldabréf.

Eftir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 29. apríl f. á., um að löggilda á Íslandi ráðstafanir þær, sem gjörðar hafa verið á seinni árum fyrir hina hluta ríkisins, til þess að koma í lag ríkisskuldunum innanlands, sendi dómsmálastjórnin fjárhagsstjórninni bæði þetta álitsskjal yðar

¹) Sama dag var bréf þetta tilkynnt hinum amtmönnum.